

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 38 17. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1985.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsóknna fyrir heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga er kr. 500,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.